

## Fundargerð 1. samráðsfundar íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar

Fundur haldinn í sal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, miðvikudaginn 31. janúar kl.16:15

Mættir: Anton Helgi Guðjónsson (HSV), Björgvin Hilmarsson (klifurfélag), Ásgerður Þorleifsdóttir (SFÍ), Shiran Þórisson (knd. Vestra), Sæbjörg Freyja Gísladóttir (Grettir), Valur Richter (Skotís), Marinó Hákonarson (Hending), Samúel Samúelsson (knd. Vestra), Jón Hálf dán Pétursson (knd. Vestra), Guðfinna Hreiðarsdóttir (Vestri)

Starfsmenn: Hafdís Gunnarsdóttir (sviðsstjóri Skóla- og tómstundasviðs) ritar fundinn, Dagný Finnbjörnsdóttir (íþrótt- og æskulýðsfulltrúi)

### 1. Fyrirkomulag funda og tímasetning

Hafdís fór yfir fyrirkomulag funda. Aðilar íþróttafélaga geta óskað eftir að setja mál á dagskrá með því að senda póst á [dagnyf@isafjordur.is](mailto:dagnyf@isafjordur.is). Fundir hefjast stundvíslega og verða aldrei lengri en klukkutími nema annað sé ákveðið fyrir fram.

Fundarmenn sammála um að fundir séu haldnir 3. miðvikudag í mánuði kl.16:15. Mögulegt að bæta við aukafundum eftir þörfum.

### 2. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun 2024-2025

Framkvæmda- og viðhaldsáætlun íþróttamannvirkja fyrir árin 2024-2025 lögð fram til kynningar.

Ábending kom um að bæta þyrfti aðstöðu fyrir iðkendur á Torfnesi sem bíða eftir að æfingar hefjast.

Bókun: Íþróttahreyfingin í Ísafjarðarbæ skorar á sveitarfélagið að marka sér stefnu þegar kemur að úthlutun fjármagns til íþróttamannvirkja. Mikilvægt er að ákveðin upphæð eða hlutfall af framkvæmdafé bæjarins sé nýtt í framkvæmdir og viðhald íþróttamannvirkja á hverju ári, þó stórar og brýnar framkvæmdir komi inn á milli.

### 3. Verkefni íþróttahreyfingarinnar í vinnslu hjá Ísafjarðarbæ

- Uppbyggingarsamningar
- Beiðni knd. Vestra um samning um umsjá knattspyrnusvæðis

Ábending um að moka þurfi reglulega svæðið á milli knattspyrnuvalla til að auðvelda iðkendum aðkomu að vallarhúsi og aðstöðu Skotís.

Ábending um erindi sem barst Ísafjarðarbæ varðandi mokstur fyrir ofan Torfnessvæðið en engin svör bárust. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu sjá um að erindinu verði svarað.

Bókun: Íþróttahreyfingin í Ísafjarðarbæ leggur mikla áherslu á að fjármagn til uppbyggingarsamninga verði framvegis vísitölutengt. Upphæð sjóðsins hefur verið 12

milljónir frá því að byrjað var að gera umrædda samninga árið 2014 fyrir utan þau skipti sem upphæðin var lækkuð eða jafnvel tekin út úr fjárhagsáætlun bæjarins.

#### **4. Verkefnasamningar**

Nýtt fyrirkomulag á skýrsluskilum kynnt fundarmönnum en nýtt form verður aðgengilegt inn á síðu Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar.

Fundið slitið kl.16:58.

Spurningar sem óskað var svara á fundinum:

**1. Hvernig verður snjómokstri háttað á keppnivelli á Torfnesi? Talað um að moka ætti snjó á gamla körfuboltavöllinn en ekki sé heppilegt að setja hann á nýja völlinn sem fyrirhugað er að reisa í sumar.**

Snjósöfnunarsvæði fyrir keppnisvöll verður við enda vallarins, næst Torfnesi.

Nýr körfuboltavöllur verður staðsettur nær Torfnesi en núverandi völlum er og ætti snjósöfnun því ekki að hafa áhrif á nýjan körfuboltavöll.

**2. Hiti í íþróttahúsinu á Flateyri. Hver er stefnan þar þangað til varmadæla verður sett upp?**

Nýr varmaskiptir er komin upp en frágangur er eftir. Sviðstjóri umhverfis- og eignarsviðs ætlar að fylgja því máli eftir svo verkefnið klárast sem allra fyrst.